

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Laugar, deiliskipulag fiskeldis.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir uppbyggingu fiskeldisstöðvarinnar að Laugum. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja tengdri fiskeldinu og aðstöðusköpun vegna þess. Aðkoma er af Landvegi nr. 26, um Flagbjarnarholtsveg (2784) og þaðan um aðkomuveg að Laugum. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Svínhagi, Ás 10, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir uppbyggingu íbúðarhúsaloða að Svínhaga, Ás 10. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á rúm-góðum lóðum undir íbúðarhúsnæði og byggingum tengdum því. Aðkoma er um Þingskálaveg (nr. 268) og afleggjara sem liggur frá honum og að húsum við Svínhagalæk. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Beindalsholt 2, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. mars 2023 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá júní 2016 fyrir Beindalsholt 2. Breytingin felur í sér byggingarreit fyrir einbýlishús á sér lóð. Þinglýst aðkoma að Beindalsholti 2 ásamt aðkomu að nýju einbýli og að eldra einbýlishúsi á Beindalsholti verði færð og þannig aðskilin aðkomu að ferðaþjónustu sem er nú þegar starfrækt á Beindalsholti. Aðkoma er af Landvegi nr. 26. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hrafnatóftir 3 og Hrafnhólmi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. mars 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir uppbyggingu íbúðarhúsaloða úr landi Hrafnatófta. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á rúm-góðum lóðum undir íbúðarhúsnæði, gestahúsum og skemmu. Aðkoma er af Þykkvabæjarvegi nr. 25. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 31. mars 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.